



Golfklúbbur Reykjavíkur

Staðarreglur - Grafarholt

1. Vallarmörk eru girðingar og hvítar stikur. Þegar **12.** braut er leikin er svæðið vinstra megin við stikurnar útaf. Annars eru stikurnar óhreyfanlegar hindranir.
2. Jarðfastir steinar á snöggslegnu svæði á almenna svæðinu, fjarlægðarhælar, vökvunarkerfi, lok á ræsum, fjarlægðar- stikur og önnur skilti, ásamt bekkjum og ruslatunnum á vellinum, **einnig vatnsbrunnur og vatnskrani á 10. Holu** eru *óhreyfanlegar hindranir* sem lausn er veitt frá samkvæmt **reglu 16.1** (Óeðlilegar vallaraðstæður). **Engin lausn** fæst samkvæmt **reglu 15.2** (Hreyfanlegar hindranir)
3. Skúrarnir á **10. holu** eru óhreyfanlegar hindranir og er veitt frí lausn frá þeim skv. **reglu 16.1** (Óeðlilegar vallaraðstæður), þegar þeir trufla fyrirhugaða stöðu eða fyrirhugað sveiflusvið.
4. Kylfingar verða að kynna sér vel leikhraðareglur, hegðunarreglur og aðrar auka staðarreglur sem birtar eru á upplýsingatöflu í klúbbhúsi.

Tímabundnar staðarreglur:

1. Þegar bolti liggur innan *almenna svæðisins* og gras slegið í brautarhæð eða neðar, má taka vítalausa lausn einu sinni áður en *högg* er slegið, með því að leggja upphaflega boltann eða annan bolta innan þessa *lausnarsvæðis* og leika honum þaðan:
 - a. Viðmiðunarstaður: Staðurinn þar sem boltinn liggur (sjá reglu 14.1).
 - b. Stærð lausnarsvæðis: ein *kylfulengd* frá viðmiðunarstað.
 - c. Takmörk á staðsetningu lausnarsvæðis:
 - i. Það má ekki vera nær *holunni* en viðmiðunarstaðurinn
 - ii. **Ef boltinn liggur innan við tvær kylfulengdir frá flöt, má ekki færa næra flöt.**
 - iii. Það verður að vera á *almenna svæðinu*.

Víti fyrir brot á staðarreglu, almennt víti.

Sími dómara í mótum: 660-9756